



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

567. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 6. nóvember 2023
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Framhald umræðu um starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2024 frá 564. fundi.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun ársins 2024 sem verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 10. nóvember nk.

2. Stefnuráð - Úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu - 2209003

Fyrirliggjandi er umræðuskjal um áframhald þessa verkefnis og hugmyndir að áframhaldandi fyrirkomulagi vinnunnar en næsti fundur Stefnuráðs verður haldinn 17. nóvember nk. en þar verða kynntar endanlegar tillögur starfshóps í úrgangsmálum að sameiginlegum samþykktum sveitarfélaganna á sviði úrgangsmála.

Niðurstaða:

Umræður

3. Ályktun Skíðapings - aðstaða í Skálafelli - 2311001

Fyrirliggjandi er erindi Skíðasambands Íslands vegna ályktunar Skíðapings sem haldið var dagana 20. og 21. október 2023, um aðstöðu til æfinga og keppni í Skálafelli. Lagt er til að erindið verði sent Samráðsnefnd skíðasvæðanna til umsagnar.

Niðurstaða:

Fyrirliggjandi erindi verður sent Samráðsnefnd skíðasvæðanna til umsagnar.

4. Starfsnám laganema - 2305004

Fyrirliggjandi er tillaga um að gengið verði til samninga við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um að SSH bjóði upp á ólaunað starfsnám fyrir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

meistaránema í lögfræði. Slíkir samningar fela ekki í sér skuldbindingu um ráðningu heldur verði það metið hverju sinni hvort til námsvistar komi.

Niðurstaða:

Samþykkt

5. Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins - 2109010

Fyrirliggjandi til kynningar er minnisblað lögfræðings SSH dags. 20. október 2023, þar sem farið er yfir helstu atriði er snúa að starfsemi Umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum og þeim úrlausnarmálum sem liggja fyrir, en gert er ráð fyrir að gerður verði viðauki við samning SSH og viðkomandi sviðsstjóra um fjárhagslega umsýslu SSH, þar sem þörf er á kaupum á búnaði og að SSH taki að sér launaumsýslu vegna ritara ráðsins, sem er í tímavinnu í hlutastarfi.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Umsagnir þingmála - 1910005

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögnum SSH vegna annars vegar frumvarps til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál, og hins vegar draga að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatsskýrsla. Jón Kjartan Ágústsson er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir framangreint.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Fjölsmiðjan - 1501007

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 21. september 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 18. október 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 13. september 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 11. október 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026